

REGLUR

73

13. maí

um úthlutun lána á vegum húsnæðismálastjórnar.

1. gr.

Umsækjendur, sem svo er ástatt um, er segir í stafliðum a til h hér á eftir, skulu hafa forgangsrétt til lána:

- a. Búa í heilsuspillandi húsnæði eða eiga við heilsuleysi að stríða, enda fylgi umsókn þar að lútandi vottorð héraðslæknis eða borgarlæknis.
- b. Búa við lakastar húsnæðisástæður eða eru húsnæðislausir.
- c. Flesta ómaga hafa á framfæri sínu eða búa við sérstaklega erfið leigukjör
- d. Lengst hafa beðið afgreiðslu með fokheldar íbúðir og fullgildar umsóknir.
- e. Geta fært sönnur á, að dómi húsnæðismálastjórnar, að þeir geti ekki komið íbúðinni í nothæft ástand án umbeðins láns eða haldið henni vegna óhagkvæmra bráðabirgðalána.
- f. Hafa fengið ófullnægjandi byrjunarlán, áður en reglur þessar tóku gildi.
- g. Njóta forgangs samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 42/1957.
- h. Byggi íbúðir, sem eigi séu stærri en 360³, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Á meðan eftirspurn eftir lánnum hjá húsnæðismálastjórn er ekki fullnægt, skulu umsækjendur sem svo er ástatt um, sem lýst er í stafliðum a til d hér á eftir, eigi fá lán:

- a. Eiga eða hafa átt s. l. 2 ár, nothæfa og fullnægjandi íbúð.
- b. Byggja stærri íbúð en 360³, nema fjölskylda umsækjanda sé 6 manns eða fleiri.
- c. Byggja fleira en eina íbúð. Heimilt er þó að taka tillit til skipulagsskvaða.
- d. Hafa góða láns möguleika annars staðar eða næg fjárráð, að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti komið íbúð sinni í nothæft ástand án frekari lána.

Reglur þessar, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 69 11. maí 1960 um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánnum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 13. maí 1960.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

74

14. maí

um barnavernd í Borgarneskaupþúni.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Borgarness er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té með öðrum hætti, eða stuðla að því, að þau neyti þessa eða hafi það með höndum.

B 23

Endurprentað blað.